

**HAFNARSVÆÐI  
DALVÍK**

**DEILISKIPULAGSTILLAGA**

**GREINARGERÐ**

Apríl 2010

**DALVÍKURBYGGÐ**

**form**  
ARKITEKTAR HÖNNUÐIR

## Efnisyfirlit:

|          |  |           |
|----------|--|-----------|
| <b>1</b> | <b>Yfirlit</b> .....                                     | <b>1</b>  |
| <b>2</b> | <b>Forsendur</b> .....                                   | <b>2</b>  |
| 2.1      | Skipulagssvæðið .....                                    | 2         |
| 2.2      | Staðhættir .....   | 2         |
| 2.3      | Tengdar skipulagsáætlanir .....                          | 2         |
| 2.4      | Lög um umhverfismat .....                                | 3         |
| <b>3</b> | <b>Tillaga að deiliskipulagi</b> .....                   | <b>4</b>  |
| 3.1      | Markmið .....  | 4         |
| 3.2      | Meginatriði .....  | 4         |
| 3.3      | Starfsemi .....  | 5         |
| 3.4      | Byggingar, byggingarreitir .....                         | 6         |
| 3.5      | Hafnarbakkar, umferðar- og þjónustusvæði .....           | 7         |
| 3.6      | hafnsækin starfsemi .....                                | 7         |
| 3.7      | hafnsækin- og miðbæjarstarfsemi .....                    | 8         |
| 3.8      | athafnasvæði .....                                       | 9         |
| 3.9      | Svæði fyrir íbúðarhúsnæði .....                          | 9         |
| 3.10     | Umferðarsvæði .....                                      | 9         |
| 3.11     | Landfyllingar .....                                      | 10        |
| 3.12     | Veitumannvirki .....                                     | 10        |
| 3.13     | Opin svæði .....   | 10        |
| 3.14     | Almennar gæðakröfur .....                                | 10        |
| 3.15     | Fornminjar .....   | 11        |
| 3.16     | Þróun umhverfispátta .....                               | 11        |
| 3.17     | Aðrir skilmálar .....                                    | 11        |
| <b>4</b> | <b>Umhverfisskýrsla</b> .....                            | <b>12</b> |
| 4.1      | Almen atriði .....                                       | 12        |
| 4.2      | Samhengi við aðrar áætlanir .....                        | 12        |
| 4.3      | Áhrif framkvæmda samkvæmt deiliskipulagstillögunni ..... | 13        |
| 4.4      | Niðurstaða .....   | 14        |
| <b>5</b> | <b>Samþykkt og gildistaka</b> .....                      | <b>15</b> |
| <b>6</b> | <b>Skipulagsuppráttur (smækkaður)</b> .....              | <b>16</b> |

# 1 YFIRLIT

Deiliskipulagstillaga þessi felur í sér endurskoðun og sameiningu fyrirbyggjandi mæliblaða, þar sem formlegt deiliskipulag af Dalvíkurhöfn liggur ekki fyrir, nema fyrir lóðirnar nr. 7 til 19A við Hafnarbraut og verður það hluti nýs deiliskipulags. Í 4. kafla er gerð grein fyrir umhverfisáhrifum skipulagsáætlunarinnar í svonefndri umhverfisskýrslu sbr. 6. grein laga um umhverfismat áætlana (105/2006). Í umhverfisskýrslunni felst nokkur endurtekning á efnisatriðum skipulagsgreinargerðarinnar, en auk þess er gerð þar grein fyrir öðrum atriðum sem verkefnið gefur tilefni til miðað við ákvæði laganna.

Skipulagstillagan er unnin fyrir Umhverfis- og tæknisvið Dalvíkurbyggðar og í samráði við Hafnastjórn Dalvíkurbyggðar. Skipulagsráðgjafi er Ágúst Hafsteinsson arkitekt hjá Form ehf. arkitektastofu.

Skipulagsgögn eru greinargerð þessi með byggingar- og skipulagsskilmálum, ásamt skipulagsuppdretti nr. 1 dags. 02.12.2009.

## 2 FORSENDUR

### 2.1 SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Hafnarbraut og Gunnarsbraut í vestri, Sunnutúni í suðri, Sæbraut í norðri og sjávarborði í austri. Skipulagssvæðið er um 14.5 ha að flatarmáli og er skilgreint sem hafnar-, athafna-, verslunar- og þjónustusvæði í aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020.

### 2.2 STAÐHÆTTIR

Skipulagssvæðið er nyrsti og austasti hluti Dalvíkur. Svæðið er í raun á tveimur stöllum. Efri stallurinn liggur upp að Hafnarbraut og Gunnarsbraut, en neðri stallurinn liggur að sjó og er það svæði nokkuð flatt og yfirleitt ágætt byggingarland. Sums staðar er djúpt á burðarhæfan grunn sérstaklega þar sem áður voru djúpir álar eða pyttir.

Svæðið gegnir fjölbreyttu hlutverki. Á svæðinu er vöruhöfn, fiskihöfn og ferjuhöfn, auk annarrar atvinnustarfsemi.

Skipulagssvæðið einkennist helst af umsvifum og mannvirkjum stærri og smærri fyrirtækja, sérstaklega útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækjum, skipaiðnaði og vöruflutningastarfsemi. Sviptingar hafa verið í atvinnurekstri á svæðinu undanfarin ár og áratugi.

Vöruflutningar sjóleiðis hafa nánast lagst af, en færst þess í stað á þjóðvegi landsins. Vöruflutninga-fyrirtæki hafa þó ennþá aðstöðu sína á hafnarsvæðinu og í nágrenni þess.

### 2.3 TENGDAR SKIPULAGSÁÆTLANIR

#### AÐALSKIPULAG

Innan deiliskipulagsmarka eru eftirtalin svæði skilgreind í aðalskipulagi Dalvíkur frá 2008-2020:

**103 H:** **Hafnarsvæði.** Vöruhöfn, gámasvæði, matvælaíðnaður, fiskihöfn, hafnsækin starfsemi og iðnaður.

Ákvæði: Hafnarsvæði eru svæði sem heyra undir stjórn viðkomandi hafnarstjórnar. Þar tengist landnotkun fyrst og fremst hafnsækinni starfsemi, s.s. útgerð, fiskvinnslu og starfsemi tengdri sjóflutningum og skipasmíði eða viðgerðum. Almenn er ekki gert ráð fyrir íbúðum á hafnarsvæðum. Þó er í undantekningartilvikum unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdum starfsemi fyrirtækja s.s. fyrir húsverði.

Hafnarsvæði eru á Dalvík, Árskógssandi og Hauganesi. Ferjusamgöngur eru frá Árskógssandi til Hríseyjar og frá Dalvík til Grímseyjar. Hafnarsvæðin á Hauganesi og Árskógssandi eru fyrst og fremst fiskihafnir og ætlaðar atvinnufyrirtækjum tengdum sjávarútvegi og fiskvinnslu. Fjölbreytt starfsemi er á hafnarsvæðinu á Dalvík bæði tengd sjávarútvegi, vöruflutningum og farþegaskipum. Þar er hluti svæðisins skilgreindur sem blönduð landnotkun, hafnarsvæði og miðbær sbr. kafla 4.5. Á hafnarsvæðum er einnig gert ráð fyrir viðeigandi ferðaþjónustu og aðstöðu fyrir smábáta.

**102 A:** **Athafnasvæði.** Á svæðinu er fiskvinnsla, lögreglustöð, slökkvistöð og miðstöð hjálpar-sveita.

Ákvæði: Á athafnasvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugeymslum, hreinlegum verkstæðum svo og verslunum með fyrirferðarmikinn varning, sem síður á heima í miðbæ eða á verslunar- og þjónustusvæðum. Ekki er gert ráð fyrir almennum íbúðum á athafnasvæðum en unnt er að gera ráð fyrir íbúðum tengdum starfsemi fyrirtækja s.s. fyrir húsverði.

**104 H/M: Blandað hafnar- og miðbæjarsvæði austan Hafnarbrautar.** Starfsemi tengd höfninni, verslanir, fiskvinnsla, viðgerðarþjónusta.

Ákvæði: Blönduð landnotkun, hafnarsvæði/miðbær. Áframhaldandi uppbygging skv. deiliskipulagi. Ekki gert ráð fyrir íbúðarbyggð.

**105 M: Miðbæjarsvæði austan Hafnarbrautar.**

Ákvæði: Uppbygging á þjónustu við ferjuhöfn Grímseyjarferju skv. deiliskipulagi. Svæðið er mikilvægt sem tenging miðbæjar við höfnina. Íbúðir ekki heimilar.

**115 ÍB: Reitir austan Hafnarbrautar.** Tvö stök íbúðarhús.

Ákvæði: Tvö stök íbúðarhús óbreytt fyrirkomulag.

## DEILISKIPULAG

Skipulagssvæðið afmarkast að vestan af tengibrautunum Hafnarbraut og Gunnarsbraut. Ekki liggur fyrir deiliskipulag af svæðinu, heldur hefur verið stuðst við mæli- og lóðarblöð frá þeim tíma sem svæðið byggðist upp.

Markmið með deiliskipulaginu er í megin atriðum tvíþætt: Annars vegar skipulagsgerð í tengslum við nýja ferjuhöfn fyrir Grímseyjarferjuna, ásamt þeim breytingum á vegtengingum og hafnarmannvirkjum sem af því leiða. Hins vegar að tengja saman eldri skipulagsáætlanir í eina, ásamt því að gera ýmsar nauðsynlegar skipulagsbreytingar til þess koma til móts við nútíma kröfur og þarfir á svæðinu.

## 2.4 LÖG UM UMHVERFISMAT

Ákvæði laga um umhverfismat áætlana „*gilda um umhverfismat þeirra skipulags- og framkvæmda-áætlana og breytinga á þeim sem marka stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.*“ Þær framkvæmdir eru tilgreindar í 1. og 2. viðauka laganna. Það sem við á hér eru eftirtalin atriði:

**1. viðauki:** Framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum:

11. Hafnir (viðskiptahafnir, skipgengar vatnaleiðir og innhafnir) sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um.

**2. viðauki:** Framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum, sbr. einnig 3. viðauka:

13. Breytingar og viðbætur við framkvæmdir, sbr. 1. og 2. viðauka.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir starfsemi sem fellur innan ofangreindra atriða og er skipulagsgerðin því háð ákvæðum laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Þá er hvorki um að ræða nýja starfsemi né nýtt skipulag heldur einungis breytingar á þegar gerðum mannvirkjum og svæðum svo og útfærslu ákvarðana sem teknar voru við gerð aðalskipulags.

Í 4. kafla er fjallað um umhverfisáhrif áætlunarinnar.

## 3 TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

### 3.1 MARKMIÐ

Meginmarkmið með gerð skipulagsins er að tryggja aðstöðu og rekstrarskilyrði fyrir hafnarstarfsemi á Dalvík og þeirra fyrirtækja sem eru með aðstöðu á hafnarsvæðinu. Gert verður m.a. ráð fyrir fyrirtækjum í matvælaíðnaði, skipaþjónustu, útgerðarfyrirtækjum, vöruflutningum og miðbæjarstarfsemi. Tryggja ber ákveðinn sveigjanleika í nýtingu hafnarsvæðisins þannig að bregðast megi við síbreytilegum forsendum í rekstri hafnarinnar og hafnsækinnar starfsemi og fyrirtækja sem nýta sér þjónustu hafnarinnar. Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir nýrri ferjubryggju og aukinni aðstöðu fyrir smábáta, auk ýmissa annarra breytinga.

### 3.2 MEGINATRIÐI

Hafnarbakkar og öll ströndin innan skipulagssvæðisins er skilgreind sem svæði í umsjá hafnaryfirvalda. Ákvæði um starfsemi fyrirtækja innan skipulagssvæðisins hafa verið endurskoðuð, sérstaklega á suðurhluta þess.

Eftirfarandi atriðum er breytt frá núverandi fyrirkomulagi á skipulagssvæðinu á Dalvík. Rétt er að benda á að ekki liggur fyrir deiliskipulag af hafnarsvæðinu heldur mæliblöð og/ eða lóðarleigusamningar, nema fyrir lóðirnar nr. 7 til 19A við Hafnarbraut og verður það hluti nýs deiliskipulags:

1. *Í deiliskipulagstillögunni er gerð breyting á aðkomugötu (húsagötu), þ.e.a.s. tengingu Sunnutúns við Hafnarbraut með það að markmiði að auðvelda að komu stórra ökutækja niður á hafnarsvæðið.*
2. *Ný bryggja fyrir Grímseyjarferju og athafnasvæði fyrir höfnina á nýrri landfyllingu L1.*
3. *Ný landfylling L2 neðan við Martröð og norðan við Sunnutún vegna tilkomu nýrrar aðstöðu fyrir smábáta. Ný bílastæði í krikanum á milli Sunnutúns og Martraðar .*
4. *Ný flotbryggja fyrir smábáta innan við núverandi flotbryggju.*
5. *Ný trébryggja komi á milli núverandi bryggju á Suðurgarði og fyrirhugaðri smábátaaðstöðu.*
6. *Ný staðsetning fyrir u.þ.b. 10 þúsund lítra olíutanka er á Suðurgarði.*
7. *Nýr göngustígur liggur meðfram strandlengjunni og tengir Sandskeið og Suðurgarð saman.*
8. *Umgjörð Martraðarinnar bætt m.a. með tilkomu göngustígs. Neðan við Martröðina er afmarkað nýtt opið svæði ætlað snjómokstri á milli nýju smábátaaðstöðunnar og núverandi bryggju. Einnig er norðurhluta Martraðarinnar hliðrað til austurs vegna stækkunar á lóð Samherja.*
9. *Lóð nr. 5 við Hafnarbraut er minnkuð til norðurs.*
10. *Skipulögð er ný lóð undir samgöngumiðstöð sem ætlað er m.a. að þjóna nýrri ferjuhöfn, norðan við Hafnarbraut nr. 5.*
11. *Stækkun á lóð og jafnframt byggingarreit á lóð Samherja við Hafnarbraut 1.*
12. *Olíutankar við Ránarbraut nr. 6 verða fluttir til innan hafnarsvæðisins eða fjarlægðir í deiliskipulagstillögunni.*
13. *Skipting á lóð nr. 6 við Ránarbraut í tvær lóðir.*
14. *Stækkun á lóðum við Ránarbraut að Sæbraut.*

15. Ný gata, Naustabraut sem liggur frá Ránarbraut á milli lóða nr. 4a og 6, þvert á Sæbraut og inná reit 1.9.
16. Fyrirkomulagi á lóð Eimskips austan Sæbrautar er breytt og reitur 1.9 endurskoðaður.
17. Athafnasvæði lóðarhafa við Martröð afmarkað frá götu með afgerandi hætti, vegna væntanlegrar aukningar á umferð í tengslum við ferjuhöfn og fleirra.
18. Ákveðið að vernda útlit rafveituskúrs frá því um 1920 sem staðsettur er á lóð Samherja við Hafnarbraut 1. Ekki er heimilt að rífa verbúðirnar við Martröð sem byggðar voru um 1950, nema að breyta deiliskipulagi.
19. Spennistöðvarlóð við Hafnarbraut 19B lögð niður og spennistöð færð á nýja lóð á reit nr. 1.0.

### 3.3 STARFSEMI

#### 3.3.1 ALMENN ÁKVÆÐI

Um landnotkun á skipulagssvæðinu gilda ákvæði greinar 4.8 í skipulagsreglugerð og í aðalskipulagi Dalvíkur 2008-2020 þar sem ákvæði reglugerðarinnar eru útfærð nánar.

#### SKIPULAGSREGLUGERÐ

##### 4.8 Hafnarsvæði.

###### 4.8.1 Skilgreining hafnarsvæða.

Á hafnarsvæðum tengist landnotkun fyrst og fremst hafnsækinni starfsemi, s.s. útgerð, fiskvinnslu og starfsemi tengdri sjóflutningum og skipasmíði eða viðgerðum. Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á hafnarsvæðum. Þó er, í undantekningartilvikum, unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdum starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði. Hafnarsvæði eru svæði sem heyra undir stjórn viðkomandi hafnarstjórnar. Um skilgreiningu hafnarsvæða, sjá hafnalög og reglugerðir um einstakar hafnir.

#### AÐALSKIPULAG DALVÍKURBYGGÐAR 2008-2020:

Hafnarsvæði eru svæði sem heyra undir stjórn viðkomandi hafnarstjórnar. Þar tengist landnotkun fyrst og fremst hafnsækinni starfsemi, s.s. útgerð, fiskvinnslu og starfsemi tengdri sjóflutningum og skipasmíði eða viðgerðum. Almennt er ekki gert ráð fyrir íbúðum á hafnarsvæðum. Þó er í undantekningartilvikum unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdum starfsemi fyrirtækja s.s. fyrir húsverði.

Hafnarsvæði eru á Dalvík, Árskógssandi og Hauganesi. Ferjusamgöngur eru frá Árskógssandi til Hríseyjar og frá Dalvík til Grímseyjar. Hafnarsvæðin á Hauganesi og Árskógssandi eru fyrst og fremst fiskihafnir og ætlaðar atvinnufyrirtækjum tengdum sjávarútvegi og fiskvinnslu. Fjölbreytt starfsemi er á hafnarsvæðinu á Dalvík bæði tengd sjávarútvegi, vöruflutningum og farþegaskipum. Þar er hluti svæðisins skilgreindur sem blönduð landnotkun, hafnarsvæði og miðbær sbr. kafla 4.5. Á hafnarsvæðum er einnig gert ráð fyrir viðeigandi ferðaþjónustu og aðstöðu fyrir smábáta.

Um skilgreiningu hafnarsvæða vísast til hafnalaga nr. 61/2003, reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004 og Hafnareglugerð fyrir Hafnasamlag Norðurlands nr. 287/2005.

### 3.3.2 SVÆÐASKIPTING

Innan hafnarsvæðisins eru afmörkuð svæði sem gegna ólíkum hlutverkum. Um er að ræða eftirtalda flokka:

- Hafnarbakkar, umferðar- og þjónustusvæði (blá).
- Lóðir, hafnsækin starfsemi (ljósgrá).
- Lóðir, hafnsækin- og miðbæjarstarfsemi (gul).
- Lóðir, athafnastarfsemi (grá).
- Svæði/lóðir fyrir veitumannvirki (dökkgrá).
- Íbúðarsvæði (fjólublá).
- Umferðarsvæði, götur og stígar í gatnakerfi Dalvíkur (ljósgul).
- Opin svæði (græn).

Svæðin eru auðkennd með númeri sem annars vegar er síðasti liður svæðanúmers aðalskipulagsins og hins vegar hlaupandi raðtala innan svæðis. Dæmi: Í deiliskipulagi er skilgreint svæði merkt frá 1.0 til 1.16. Lóðir eru afmarkaðar á svæðum fyrir hafnsækna starfsemi (á ljósgráum svæðum) auk lóða fyrir veitumannvirki.

Svæði eru skilgreind fyrir mismunandi starfsemi skv. eftirfarandi flokkun:

- B** Hafnarbakkar, umferðar- og þjónustusvæði
- V** Vöruhöfn, vöruheimslyur og flutningastarfsemi
- M** Matvælaíðnaður
- H** Önnur hafnsækin starfsemi
- A** Athafnasvæði
- P** Hafnarþjónusta
- Z** Veitumannvirki
- Í** Íbúðarsvæði
- C** Miðbæjarstarfsemi
- O** Útivistarsvæði og óbyggð svæði

Skipulagsákvæði eru skilgreind með táknykli. Lóðamörk eru sýnd innan svæða en svæðamörk eru jafnframt lóðamörk.

Starfsemi á hafnarsvæðum skal vera í samræmi við ákvæði deiliskipulagsins og er háð samþykki hafnaryfirvalda/hafnarstjórnar.

### 3.4 BYGGINGAR, BYGGINGARREITIR

Nýbyggingar skulu vera innan byggingarreita. Ákvæði um nýbyggingar eru sýnd á skipulagsuppdrætti með + tákni þar sem kveðið er á um starfsemi á lóð/svæði, nýtingarhlutfall (byggingarmagn/lóðarstærð), hámarksvegghæð langhliða bygginga og hámarks þakhalla sbr. táknskýringar á skipulagsuppdrætti. Merkt er við reiti í + táknu eftir því sem við á, þ.e.a.s. merking sem á við starfsemi og nýtingarhlutfall getur átt við allan viðkomandi reit en innan hans geta að auki verið tákni með sérákvæðum einstakra byggingarreita, hámarkshæð og þakhalla. Þakbrúnir og minni háttar útbyggingar mega ná allt að 0,6 m út fyrir byggingarreiti. Ekki eru sett frekari ákvæði um form og útlit bygginga.



### 3.5 HAFNARBAKKAR, UMFERÐAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI

Hafnarbakkar, umferðarsvæði og þjónustusvæði, hafnarþjónusta eru svæði í umsjá hafnaryfirvalda, Hafnastjórnar Dalvíkurbyggðar. Á þeim eru engar byggingar aðrar en lítil þjónustuhús fyrir löndunarbúnað og tengibúnað skipa og báta við veitur. Á svæðinu er þjónustuhús hafnarinnar, ásamt vog.

Á þeim svæðum sem falla undir lög um siglingavernd nr. 50/2004, þ.e. skipa í millilandasiplingum þurfa að vera aðgangsstýringar vegna skipa. Girðingar vegna aðgangsstýringar eru ekki sýndar í deiliskipulagi.

| Nr. | Stærð | Starfsemi                      | Skipulagsákvæði  |
|-----|-------|--------------------------------|--|
| 1.1 | 2,6   | B Suðurgarður.                 | Höfn. Gert ráð fyrir óverulegri breikkun við endurnýjun á suðurhluta vesturkants. Heimild fyrir u.þ.b. 10 þúsund lítra olútönkum.  |
| 1.2 | 0,3   | B Ný aðstaða fyrir smábáta.    | Óbyggt. Gert ráð fyrir nýrri smábátabyggju með aðstöðu til þess að taka upp báta. Geymslusvæði fyrir smábáta. Ný landfylling. Gert er ráð fyrir nýrri flotbyggju innan við núverandi flotbyggju. |
| 1.3 | 0,5   | B Ný ferjuhöfn og landfylling. | Óbyggt. Gert ráð fyrir nýrri ferjuhöfn með aðstöðu til þess að aka bifreiðum að og frá ferju. Ný landfylling.  |
| 1.8 | 1,4   | B/Þ Norðurgarður               | Óbreytt. Höfn fyrir stærri skip. Hafnarhús með vog. Girðingar m. aðgangsstýringu.  |

### 3.6 HAFNSÆKIN STARFSEMI

Á svæði fyrir aðra hafnsækna starfsemi eru lóðir fyrir fyrirtæki af ýmsum gerðum. Um er að ræða leigulóðir frá Dalvíkurbyggð þar sem gert er ráð fyrir varanlegum byggingum. Byggingarreitir og byggingarskilmálar eru skilgreindir á skipulagsupprætti. Starfsemi á lóðunum er merkt á skipulagsupprætti. Byggingar skulu vera innan byggingarreita.

#### 3.6.1 M - SVÆÐI FYRIR MATVÆLAIÐNAÐ

Á svæðum fyrir matvælaiðnað er gert ráð fyrir matvælavinnslufyrirtækjum. Innan lóða fyrirtækjanna getur verið fjölbreytt starfsemi sem nauðsynleg kann að vera fyrir rekstur viðkomandi fyrirtækja. Sérmerking svæða fyrir matvælaiðnað felur í sér að þar og í næsta nágrenni þeirra verði ekki starfsemi sem geti haft truflandi eða skaðleg áhrif á starfsemi þeirra eða haft neikvæð áhrif á umhverfið m.t.t. þess að um matvælaframleiðslu er að ræða.

| Nr.  | Stærð | Starfsemi         | Skipulagsákvæði   |
|------|-------|-------------------|---|
| 1.6  | 1,2   | M Ein lóð.        | Einn samtengdur byggingarhluti. Lóð er stækkuð til suðurs og austurs (núv. götu er hliðrað). Nýr byggingarreitur til suðurs. Rafveituskúr innan lóðar frá því um 1920 hefur varðveislugildi og er allt rask á rafveituskúr og næsta nágrenni hans er háð samþykki byggingaryfirvalda Dalvíkurbyggðar. |
| 1.10 | 0,7   | M Fjórar lóðir.   | Þrjár samtengdar húseiningar og eitt stakt hús innan svæðis. Svæði stækkað til austurs. Nýr byggingarreitur til austurs.  |
| 1.11 | 1,0   | M/H Fjórar lóðir. | Fjögur hús innan svæðis og olútankar. Svæði stækkað til austurs og lóðarmörkum á milli  |

|             |     |               |  |
|-------------|-----|---------------|--|
|             |     |               | Ránarbrautar 6A og 6B hliðrað til austurs.<br>Nýir byggingarreitir.      |
| <b>1.12</b> | 0,8 | M Fimm lóðir. | Fjögur hús innan svæðis og ein óbyggð lóð.<br>Stækkun á byggingarreitum. |

### 3.6.2 H - SVÆÐI FYRIR AÐRA HAFNSÆKNA STARFSEMI

| Nr.        | Stærð | Starfsemi      | Skipulagsákvæði   |
|------------|-------|----------------|---|
| <b>1.7</b> | 0,2   | H Þrjár lóðir. | Þrjú hús innan svæðis. Ekki er heimilt að rífa verbúðirnar við Martröð sem byggðar voru um 1950, nema að breyta deiliskipulagi. |

### 3.6.3 V – VÖRUHÖFN, VÖRUGEYMSLUR OG FLUTNINGASTARFSEMI

| Nr.        | Stærð | Starfsemi     | Skipulagsákvæði  |
|------------|-------|---------------|--|
| <b>1.9</b> | 1,15  | V Tvær lóðir. | Óbyggt. Önnur lóðin er hugsuð undir olútanka og hin undir aðra hafnsækna starfsemi. Ný gata inná svæðið. |

## 3.7 HAFNSÆKIN- OG MIÐBÆJARSTARFSEMI

Á svæði fyrir hafnsækna starfsemi eru tvær lóðir fyrir fyrirtæki af ýmsum gerðum. Um er að ræða leigulóðir frá Dalvíkurbyggð þar sem gert er ráð fyrir varanlegum byggingum. Byggingarreitir og byggingarskilmálar eru skilgreindir á skipulagsupprætti. Starfsemi á lóðunum er merkt á skipulagsupprætti. Byggingar skulu vera innan byggingarrita.

Upp af hafnarbakka og þjónustusvæði (ferjuhöfn) við Martröð er lóð sem ekki verður úthlutað sem venjulegri leigulóð. Lóðin er fyrir samgöngumiðstöð sem þjóna á ferjufarþegum og annarri tengdri starfsemi, s.s. ferðamennsku og/eða annarri hafnsækinni starfsemi. Á svæði 1.4 er gert ráð fyrir miðbæjarstarfsemi á efri hæðum húsanna, en matvælaíðnaði og vöruhöfn, geymslum og flutninga-starfsemi á neðri hæðum.

| Nr.        | Stærð | Starfsemi         | Skipulagsákvæði   |
|------------|-------|-------------------|---|
| <b>1.4</b> | 0,7   | M,V,C Fimm lóðir. | Fjórar samtengdar húseiningar og eitt stakt hús innan svæðis. Núverandi spennistöð á að flytja á svæði nr. 1.0. Lóð nr. 5 minnkuð til norðurs. Nýr byggingarreitur.<br>Miðbæjarstarfsemi er heimil á efri hæðum húsanna.  |
| <b>1.5</b> | 0,1   | H Ein lóð.        | Óbyggt. Lóðin er hugsuð undir samgöngumiðstöð, þ.e.a.s. þjónustu við ferju og upplýsingamiðstöð tengda ferðamennsku eða annarri hafnsækinni starfsemi. Hámarks vegg- og þakhæð neðri hæðar er í götuhæð Hafnarbrautar. Hámarks byggingarmagn efri hæðar er alls 250m <sup>2</sup> . Hámarksveggghæð efri hæðar er 3.5m frá Hafnarbraut.<br>Gæta skal þess vandlega að efri hæð skermi sem minnst útsýni frá Hafnarbraut yfir hafnarsvæðið. Byggingaryfirvöldum er heimilt að vísa umsókn frá þyki minnsti vafi leika á fyrrgreinds atriðis sé ekki nægilega fullnægt. |

### 3.8 ATHAFNASVÆÐI

Á athafnasvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hættu er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugæmslum, hreinlegum verkstæðum svo og verslunum með fyrirferðarmikinn varning, sem síður á heima í miðbæ eða á verslunar- og þjónustusvæðum. Ekki er gert ráð fyrir almennum íbúðum á athafnasvæðum en unnt er að gera ráð fyrir íbúðum tengdum starfsemi fyrirtækja s.s. fyrir húsvæði.

| Nr.  | Stærð | Starfsemi      | Skipulagsákvæði   |
|------|-------|----------------|---|
| 1.15 | 1,0   | A Fjórar lóðir | Þrjú hús innan svæðis. Byggingarreitir stækkaðir á núverandi lóðum. |

### 3.9 SVÆÐI FYRIR ÍBÚÐARHÚSNÆÐI

Íbúðarhúsnæði á ekki heima á hafnarsvæðum samkvæmt skilgreiningu skipulagslaga. Innan hafnarsvæðis Dalvíkurhafnar eru tvö hús sem eiga sér nokkuð langa sögu og hafa þannig fest sig í sessi. Ekki er um nýjar lóðir undir íbúðarhúsnæði að ræða.

| Nr.  | Stærð | Starfsemi     | Skipulagsákvæði |
|------|-------|---------------|-----------------|
| 1.13 | 0,21  | Í Tvær lóðir. | Tvö hús.        |

### 3.10 UMFERÐARVÆÐI

#### 3.10.1 GATNAKERFI

Megin aðkoma að skipulagssvæðinu er um tengibrautirnar Gunnarsbraut og Hafnarbraut sem liggja eftir vesturmörkum skipulagssvæðisins. Frá tengibrautunum liggja aðkomugötur (húsagötur) til austurs inn á svæðið. Þær eru götur sem enda við umferðarsvæði við hafnarkanta. Miðað er við að aðkoma að flestum lóðum verði frá aðkomugötunum, en þar sem heimilt verður að tengja lóðir við tengibrautina er það merkt sérstaklega á skipulagsupprætti með örfum.

Í endurskoðuðu deiliskipulagi er gerð breyting á aðkomugötu (húsagötu), þ.e.a.s. tengingu Sunnutúns við Hafnarbraut.

#### 3.10.2 STÍGAKERFI

Stígakerfi er fyrst og fremst net gangstétta meðfram götum. Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir megin-gönguleið (aðalstíg) meðfram Hafnarbraut og Gunnarsbraut og er ekki gerð breyting á því.

Hafnarsvæðin eru athafnasvæði þar sem notuð eru stór farartæki og annar tækjabúnaður, sem gangandi fólki getur stafað hættu af. Þótt æskilegt sé að mörgu leyti að leyfa almenningi aðkomu og umgengi um hafnarsvæðin verður ekki gert ráð fyrir sérstakri aðstöðu eða stígum þess vegna. Auk þess verður hluti hafnarsvæðisins lokaður almenningi með aðgangsstýringu vegna siglingaverndar, bæði varanlega og með færanlegum girðingum. Einnig kann að vera nauðsynlegt að takmarka almenna umferð á vissum svæðum varanlega eða tímabundið vegna vinnu með stórar vinnuvélar, gámalýftara o.þ.h. Slík afmörkun eða takmörkun á aðgengi að hafnarbökkum og umferðar- og þjónustusvæðum hafnarinnar verður ekki skilgreind í deiliskipulagi heldur ákveðin í samræmi við þarfir á hverjum tíma og merkt á skýran hátt.

#### 3.10.3 BÍLASTÆÐI

Bílastæði verða að mestu leyti inni á lóðum og athafnasvæðum. Fjöldi bílastæða skal miðast við almenna viðmiðun í skipulagsreglugerð. Ekki eru skilgreindar nákvæmari kröfur um fjölda bílastæða á hverri lóð í deiliskipulaginu heldur skal bílastæðapörf metin út frá byggingarmagni og starfsemi þegar aðaltekningar eru teknar til afgreiðslu í samræmi við almenn ákvæði.

### 3.11 LANDFYLLINGAR

Gert er ráð fyrir tveimur minni háttar landfyllingum, samtals um 0,7 ha að flatarmáli.

| Nr. | Stærð | Lýsing   |
|-----|-------|--|
| L1  | 0,5   | Ný bryggja fyrir Grímseyjarferju og landfylling undir athafnasvæði hafnar. |
| L2  | 0,2   | Ný smábátaaðstaða.   |

### 3.12 VEITUMANNVIRKI

Dælustöðvar fráveitu eru á svæðum 1.0 og 1.16. Mannvirkin eru fullbyggð og fullfrágengin.

Tvær spennistöðvar, dreifistöðvar eru innan skipulagssvæðisins. Þær eru á sérafmörkuðum lóðum. Ekki eru settir sérstakir skilmálar um gerð, útlit eða stærð spennistöðva, nema þar sem byggingarreitir eru afmarkaðir sérstaklega.

Kvaðir um lagnir í jörð, sem liggja um lóðir, aðallega fráveitulagnir, eru merktar á skipulagsuppdrátt. Aðkoma viðkomandi veitufyrirtækis til lagningar, eftirlits og viðhalds skal vera greið og hindrunarlaus.

| Nr.  | Stærð | Starfsemi                  | Skipulagsákvæði   |
|------|-------|----------------------------|---|
| 1.0  | 0,2   | Z Tvær lóðir og bílastæði. | Óbyggt að hluta. Skolpdælustöð og fyrirhuguð spennistöð, ásamt bílastæði. |
| 1.14 | 0,01  | Z Ein lóð.                 | Spennistöð.   |
| 1.16 | 0,02  | Z Ein lóð.                 | Skolpdælustöð.  |

### 3.13 OPIN SVÆÐI

Eitt opið svæði er merkt sérstaklega á skipulagsuppdrætti. Á svæðinu var að finna bátakuml, sem eru þó ekki sýnileg á yfirborði, en áhugavert væri að vinna útfrá sem þema.

Ekki er gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum á opnu svæði en stígum, ljósastaurum og bekkjum.

| Nr.  | Stærð | Starfsemi   | Skipulagsákvæði |
|------|-------|---|-----------------|
| 1.17 | 0,4   | Opið svæði, var að finna bátakuml sem áhugavert væri að vinna útfrá sem þema. | Óbreytt         |

### 3.14 ALMENNAR GÆÐAKRÖFUR

Leggja skal áhersla á vandaða hönnun bygginga, bæði hvað snertir innri gerð, form og útlit. Stefnt er að því að byggingar á svæðinu geti talist góð, nútímaleg byggingarlist þar sem saman fara sjónarmið um hagkvæmni, notagildi og gæði. Byggingar skulu fela í sér heilsteypta hugmynd þar sem m.a. er tekið mið af samhengi smáatriða og heildar, fjölbreytileika og samræmis, jafnvægis og hlutfalla, notagildis og hagkvæmni, forms og lita. Umhverfisráð skal meta þessa þætti sérstaklega við umfjöllun og afgreiðslu aðaltekninga og getur hafnað umsókn telji hún hana ekki uppfylla almennar og sjálfsagðar kröfur að þessu leyti þó svo að viðkomandi hönnun uppfylli tæknilegar og mælanlegar kröfur reglugerða og skilmála að öðru leyti. Matið byggist fyrst og fremst á fagþekkingu, reynslu og skilningi á samþættingu þessara atriða við hönnun bygginga. Komi upp ágreiningur eða vafaatriði við afgreiðslu ber Umhverfisráði að leita álits fagmanna við mat á þessum þáttum hönnunarinnar.

### 3.15 FORNMINJAR

Kumlareit var að finna í grennd við húsið Höfn. Þar fundust árið 1909 tólf kuml og það þrettánda enn norðar, við húsið Lækjarbakka. Meðal þessara kumla var eitt bátakuml. Tvö kumlanna voru í lágum haugum rétt vestan Hafnar. Hin voru fram á marbakkanum á svæði um 30 til 80 metrum frá Höfn. Kumlafundur þessi er með þeim merkari hér á landi og eru minjar um upphaf búsetu á svæðinu. Ágætar upplýsingar með uppdráttum og ljósmyndum er að finna í grein rannsakendanna, Finns Jónssonar og Daníels Bruuns, í Aarbøger for Nordisk Oldkyndighed og historie frá 1910 og gætu fleiri gögn verið til um rannsóknina, annaðhvort á Þjóðminjasafninu eða í Kaupmannahöfn. Minjavörður Norðurlands eystra leggur til að svæðið norðan við íbúðarhúsið Höfn og sunnanvið lóð nr. 4b við Gunnarsbraut verði “grænt” svæði, sem helgað verður kumlafundinum. Bent skal á að ef ákveðið verður að byggja á lóðinni eða nýta á einhvern þann hátt, sem hefur jarðrask í för með sér, þá mun Fornleifavernd ríkisins ekki veita leyfi til framkvæmdanna nema að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Hér yrði gert að skilyrði að fram færi rannsókn með fornleifauppgreftri. Þær rannsóknir þyrfti framkvæmdaaðili að kosta (samanber Þjóðminjalög nr 107 frá 2001).

### 3.16 ÞRÓUN UMHVERFISÞÁTTA

Líkleg þróun umhverfisþátta án framfylgdar viðkomandi áætlunar sbr. b-lið 6. g. laga um umhverfismat áætlana gæti verið sú m.a. að færri atvinnutækifæri skapast og umgjörð og markmiðs setning verði ekki jafn skýr og aðgengileg lóðarhöfum og öðrum notendum svæðisins.

### 3.17 AÐRIR SKILMÁLAR

Um svæðið gilda almennir byggingarskilmálar fyrir lóðir sem Dalvíkurbyggð úthlutar<sup>1</sup>.

## 4 UMHVERFISSKÝRSLA

### 4.1 ALMEN ATRIÐI

#### AFMÖRKUN

Skipulagsáætlunin afmarkast af Hafnarbraut og Gunnarsbraut í vestri, Sunnutúni í suðri, Sæbraut í norðri og sjávarborði í austri.

#### MARKMIÐ

Meginmarkmið með gerð skipulagsins er að tryggja aðstöðu og rekstrarskilyrði hafnarstarfsemi á Dalvík og þeirra fyrirtækja sem eiga heima á hafnarsvæðum. Gert verður m.a. ráð fyrir fyrirtækjum í matvælaíðnaði, skipaþjónustu, útgerðarfyrirtækjum og vöruflutningum. Tryggja ber ákveðinn sveigjanleika í nýtingu hafnarsvæðanna þannig að bregðast megi við síbreytilegum forsendum í rekstri hafnar og hafnsækinnar starfsemi og fyrirtækja.

Markmiðið með breytingum á gatnakerfinu er að bæta aðkomuleiðir að hafnarsvæðinu og gera þær skýrari. Megin breytingin er að tengja þjóðveg á landi og sjó saman með nýrri bryggju fyrir ferju á milli Dalvíkur og Grímseyjar, færa þungaumferð fjær íbúðarbyggðinni og afmarka hafnarsvæðið á skýrari hátt en nú er.

#### SKIPULAGSKOSTIR

Í skipulagstillögunni felst ákveðin þróun eldri áætlana til þess að mæta breyttum forsendum og þörfum fyrirtækja og stofnana á skipulagssvæðinu. Í skipulagstillögunni hafa ýmsir útfærslukostir verið skoðaðir í samráði við viðkomandi hagsmunaaðila. Þeir eiga allir við um smáatriði og hafa engin áhrif á hugsanleg áhrif af framkvæmd skipulagsins á umhverfið. Þar sem skipulagsvinnan fólst ekki í vali milli grundvallarkosta í einstökum þáttum skipulagsins er hvorki talin ástæða til þess að setja fram í umhverfisskýrslu slíka kosti né bera áætlunina sérstaklega saman við svokallaðan núllkost.

### 4.2 SAMHENGI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

#### SAMGÖNGUÁÆTLUN

Framkvæmdirnar við ferjubryggju (vegna tilkomu nýrrar ferju til Grímseyjar við ferjubryggju) og við viðbætur á núverandi bryggju á Grímsey (endurnýjun á gömlum bryggjum) eru allar í samræmi við samgönguáætlun 2007 – 2018 og njóta ríkisframlaga sbr. Þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007 - 2010 sem samþykkt var á Alþingi 17. mars 2007.

#### SVÆÐISSKIPULAG

Ekki var sett fram sérstök stefna um Dalvíkurhöfn í svæðisskipulagi Eyjafjarðarsvæðisins 1998-2018 sem fellt var úr gildi 2007. Þar voru þó eftirtalin deilimarkmið um hafnarmál:

1. *Á skipulagssvæðinu verði sex togarahafnir, á Siglufirði, í Ólafsfirði, á Dalvík, í Hrísey og á Grenivík. Þar verði einnig bátahafnir. [...]. Á þessum stöðum skal hafa nauðsynlega aðstöðu fyrir fiskiskipaflotann á hverjum stað. [...].*
2. *Ferjuhafnir verði í Grímsey, Hrísey og á Ársskógssandi. Einnig verði aðstaða fyrir ferjur þar sem hafnir eru stærstar, þ.e. á Siglufirði, Ólafsfirði og Dalvík..*
3. [...].
4. *Við Eyjafjörð verði fjórar stórar flutningahafnir, á Dalvík, Siglufirði og Dysnesi, sem geti annað inn- og útflutningi á Eyjafjarðarsvæðinu. Stefnt skal að því að stækka vöruflutninga-*

*og gámahafnir á þeim stöðum sem þær eru þegar fyrir hendi. Þar verði einnig öruggar skipageymsluhafnir.*

Þótt svæðisskipulagið hafi verið felld úr gildi er ástæða til þess að bera áætlunina saman við ákvæði þess. Uppbygging Dalvíkurhafnar er í samræmi við markmið sem þar voru sett fram.

## **AÐALSKIPULAG**

**Í aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020** segir m.a. í meginmarkmiði um samgöngur: Lögð skal áhersla á bættar samgöngur innan þéttbýlis og utan.

**Markmið aðalskipulags** um atvinnulíf og Dalvíkurhöfn:

Unnið verður að því að efla Dalvíkurhöfn sem uppskipunarhöfn og ferjuhöfn. Gert verði átak í umhverfismálum hafnarsvæða.

Með gerð deiliskipulagsins er stefnt að þeim markmiðum um samgöngur sem sett eru fram í aðalskipulagi.

Samkvæmt aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 er stefnt að því að öll strandlengjan innan bæjarmarka verði strandsvæði í flokki A (ósnotið vatn) sbr. skilgreiningu í 9. og 10. greinum reglugerðar um varnir gegn mengun vatns. Unnið er að fráveitumálum bæjarins eftir ákveðinni áætlun þannig að ákvæðum reglugerða verði fullnægt og markmið aðalskipulagsins náist. Deiliskipulagið hefur ekki áhrif á viðkomandi áætlun.

## **DEILISKIPULAG**

### **NÁTTÚRUVERND**

Engin friðuð svæði eða svæði á náttúruminjasrá tengjast skipulagssvæðinu. Deiliskipulagið hefur því engin áhrif á ósnerta náttúru, náttúrufrýrbrigði eða landslagsgerðir sem njóta einhvern verndar samkvæmt lögum eða reglugerðum. Áætlunin hefur ekki áhrif á svæði sem falla undir ákvæði alþjóðasamninga um náttúruvernd.

### **MINJAVERNÐ**

Fá hús á svæðinu eru talin hafa varðveislugildi vegna aldurs eða sérkenna, en þó ber að skoða hvert og eitt tilfelli fyrir sig við hugsanlegar breytingar og annað þess háttar. Deiliskipulagstillagan hefur því engin áhrif á búsetu- eða menningarminjar.

Rafveituskúr innan lóðar Hafnarbrautar 1 er frá því um 1920 og hefur varðveislugildi og er allt rask á rafveitu-skúr og næsta nágrenni hans er háð samþykki byggingaryfirvalda Dalvíkurbyggðar. Á opnu svæði við Gunnarsbraut var að finna bátakuml sem hefur ákveðið varðveislugildi þó svo að kumlin séu ekki sýnileg í dag.

## **4.3 ÁHRIF FRAMKVÆMDA SAMKVÆMT DEILISKIPULAGSTILLÖGUNNI**

### **TENGIBRAUTIR**

Í aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 eru engar breytingar á tengibrautum í tengslum við hafnarsvæðið.

### **HÖFN**

Um að ræða nýja ferjubryggju og smábátaaðstöðu sem ekki hafa umtalsverð áhrif á umhverfið.

### **LANDFYLLINGAR**

Landfyllingar eru um 0,7 ha að flatarmáli sem er undir viðmiðunarmörkum fyrir umhverfismat. Engin þeirra hefur áhrif á óraskaða strönd. Ekki liggur fyrir hvaðan efni í landfyllingar er fengið.

### **ATVINNUSTARFSEMI**

Ekki er gert ráð fyrir nýrri eða breyttri starfsemi á skipulagssvæðinu sem breytt geti þeim áhrifum sem svæðið hefur hvort sem er á umhverfi og náttúru. Fyrirtæki á svæðinu eru og skulu rekin í samræmi við ákvæði laga og reglugerða um viðkomandi starfsemi svo og um hollustuhætti, mengunarvarnir, náttúruvernd m.m.

### **ÞRÓUN UMHVERFISÞÁTTA**

Líkleg þróun umhverfisþátta án framfylgdar viðkomandi áætlunar sbr. b-lið 6. g. laga um umhverfismat áætlana gæti verið sú m.a. að færri atvinnutækifæri skapast og umgjörð og markmiðs setning verði ekki jafn skýr og aðgengileg lóðarhöfum og öðrum notendum svæðisins.

## **4.4 NIÐURSTAÐA**

Í skipulagsáætluninni felast engar grundvallarbreytingar frá áður gerðum áætlunum. Umhverfisáhrif þess að hrinda áætluninni í framkvæmd eru engin fyrir utan þær minni háttar breytingar sem verða á útliti þeirra mannvirkja sem um ræðir. Áætlunin felur ekki í sér aukna umferð eða umsvif heldur er leitast við að gefa kost á sveigjanleika til þess að unnt verði að bregðast við breyttum aðstæðum og forsendum í þeim rekstri sem svæðið þjónar.

Framkvæmdir samkvæmt skipulagsáætluninni gefa ekki tilefni til sérstakra mótvægisáðgerða.

Ekki er talin ástæða til þess að vakta sérstaklega áhrif áætlunarinnar umfram það sem eftirlit sem lögboðnir eftirlitsaðilar hafa með höndum hvort sem er.

Samantekt skv. lið j. í 6. gr. laga nr. 105/2006 er talin óþörf.



## 5 SAMÞYKKT OG GILDISTAKA

Skipulagstillagan var auglýst almenningi til sýnis þann xx.xx.xxxx.

Athugasemdafrestur var til xx.xx.xxxx.

*Yfirlit yfir athugasemdir og afgreiðslu þeirra.*

*Fært inn eftir framvindu verksins.*

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt í Umhverfisstjórn þann \_\_\_\_\_ 2010 og bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar \_\_\_\_\_ xxxx.

\_\_\_\_\_  
bæjarstjóri Dalvíkurbyggðar

Deiliskipulagið öðlaðist gildi við auglýsingu um samþykkt þess í  
B-deild Stjórnartíðinda \_\_\_\_\_ xxxx

## **6 SKIPULAGSUPPDRÁTTUR** (SMÆKKÆÐUR)

---